

Stökkpallurinn – Virkninámskeið MSS

Skýrsla um námskeið haldið haustið 2022

Stökkpallurinn er virkninámskeið sem haldið var af Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum (MSS) í samstarfi við Reykjanesbæ. Námskeiðinu var beint að einstaklingum með stutta formlega skólagöngu að baki, án atvinnu, sem vildu efla starfshæfni sína og með þörf fyrir að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan formlegs framhaldsskóla- og háskólakerfis.

Markmið námskeiðsins var að auka starfshæfni þátttakenda, gera þá meðvitaðri um eigin styrkleika og efla sjálfstraust, samveru við aðra og daglega virkni. Þeir þættir sem kenndir voru á námskeiðinu voru markmiðasetning og sjálfsefning, samskipti og samstarf, fjármálalæsi, vinnuumhverfi og vinnustaðir og vettvangsnámskeið á vinnustaði. Þátttakendur fengu stuðning við að læra hvar styrkleikar þeirra liggja og að takast á við ólík verkefni. Fjölbreyttar leiðir voru notaðar til að vinna að markmiðum þátttakenda, svo sem með almennri fræðslu, einstaklingsviðtölum og listasköpun.


Námskeiðið var haldið 17. október til 30. nóvember 2022, í sjö vikur, alla virka daga frá 8:30 til 12:30. Námskeiðið var staðnám og haldið í 88-húsinu. Þegar leitast var eftir þátttakendum fóru ráðgjafar í ráðgjafar- og virkniteymi Reykjanesbæjar yfir þá einstaklinga sem voru á fjárhagsaðstoð í ágúst 2022.

Markhópur. Miðað var við að þátttakendurnir væru á aldrinum 25-40 ára og íslenskumælandi. 38 einstaklingar féllu undir þessi skilyrði og var talið að 22 af þeim höfðu mikla þörf fyrir slíkt virkniúrræði.

Þátttaka. Erfitt var að ná í þá einstaklinga til að bjóða þeim á námskeiðið. Þegar einstaklingum var boðið að koma á námskeiðið var bæði hringt í þá og sendur tölvupóstur og þeim gerð grein fyrir því að ef þeir höfnuðu þátttöku og ekki teldust veigamiklar ástæður fyrir því höfðu ráðgjafar Reykjanesbæjar heimild til að skerða fjárhagsaðstoð þeirra, og var það gert í nokkrum tilfellum. Að lokum voru 14 þátttakendur skráðir, fjórar konur og tíu karlar á aldrinum 27 ára til 39 ára, og var meðalaldur 33 ára. Hópurinn einkenndist af einstaklingum sem höfðu verið lengi utan vinnumarkaðs, glímdu við geðræna erfiðleika og/eða með fíknivanda.


Fjórir einstaklingar sem ekki voru skráðir á námskeiðið, en talin var þörf á virkniúrræði, hættu á fjárhagsaðstoð eftir að haft var samband við þá. Þar var einn einstaklingur sem ákvað að fara í nám í Reykjavík, einn sem fór í endurhæfingu og tveir sem hættu á fjárhagsaðstoð en ekki er vitað um afdrif þeirra.

Erfitt reyndist að ná í þátttakendur á meðan námskeiðinu stóð, en sem dæmi svöruðu þeir ekki tölvupósti eða í síma, sögðust ætla að koma en mættu ekki eða mættu illa. Bæði ráðgjafar hjá Reykjanesbæ og MSS höfðu ítrekað samband við þátttakendur og var mjög léleg svörun. Að meðaltali var dræm mæting, eða um 34%. Mætingarprósenta þátttakenda var allt frá 3% upp í 100%. Sjá má meðaltal mætingarprósentu hjá hverjum þátttakenda á mynd 1.




Mynd 1. Mætingarprósenta þátttakenda.

Á mynd 2 má sjá mætingarprósentu á hverjum degi námskeiðsins.



Mynd 2. Mætingarprósenta á hverjum námskeiðsdegi.

Til að útskrifast af námskeiðinu þurftu þátttakendur að ná ákveðnum mætingarviðmiðum. Samtals útskrifuðust fimm þátttakendur og fengu skírteini því til stuðnings. Fjórir byrjuðu í námskeiðinu en kláruðu það ekki þar sem tveir fóru í meðferð, einn fór til útlanda og einn fékk vinnu. Fimm einstaklingar voru ekki með nógu góða mætingu til að teljast hafa fengið fullnægjandi fræðslu eftir námsskránni. Á mynd 3 má sjá skiptingu hópsins í lok námskeiðsins.




Mynd 3. Skipting hópsins í lok námskeiðs.

Mat í námskeiðslok. Eftir námskeiðið funduðu ráðgjafar Reykjanesbæjar og MSS þar sem farið var yfir stöðu allra einstaklinganna og hvaða úrræði gætu hentað þeim. Þátttakendahópurinn var mjög þungur og erfitt reyndist að veita þeim aðstoð eftir námskeiðið, fólk mætti illa og erfitt var að ná til þeirra. Eftirtektarvert var hve stór hluti þátttakenda voru í fíkniefnaneyslu, og eru enn. Þrátt fyrir dræma mætingu þátttakenda og að aðeins fimm útskrifuðust voru ráðgjafar sammála um að námskeiðið tókst vel til.

Mat að liðnum 6 mánuðum frá námskeiðslokum. Nú, rúmum sex mánuðum eftir að námskeiðinu lauk, eru 10 af 14 þátttakendunum með opið mál fyrir fjárhagsaðstoð hjá Reykjanesbæ og hafa fengið greidda fjárhagsaðstoð í maí sl., sjá má skiptinguna á mynd 4. Af þeim fjórum sem ekki eru að fá fjárhagsaðstoð er einn í afplánun, tveir farnir í vinnu og ekki er vitað er um einn, þ.e. hann hefur ekki sótt um fjárhagsaðstoð og málinu hans lokað. Námskeiðið hafði þó áhrif á þátttakendur, þrátt fyrir að meirihluti þeirra sé ennþá á fjárhagsaðstoð. Það hreyfði við mörgum, og leituðu einstaklingar í önnur viðeigandi úrræði. Nauðsynlegt er að halda áfram að ná til þessa hóps með einhverjum hætti, veita þeim viðeigandi stuðning svo að þeir gleymist ekki og festist í félagslega kerfinu.

■ FA veitt í maí ■ Afplánun ■ Vinna ■ Ekki vitað



Mynd 4. Skipting hópsins í dag.

Karítas Lára Rafnkelsdóttir
Bjarney Rós Guðmundsdóttir
Inga Dóra Jónsdóttir